# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 50

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Afgr. 16/7 '10
Bf. 12

Jeg undirskrifuð leifi mjer að
biðja hina háttvirtu byggingarnefnd
Reykjavíkur að veita mjer leifi
til þess að jeg megi byggja Skúr
við hús mitt á Laugaveigi 43 hjer í
bæ. Svo og aðrar smá breytingar sem
meðfylgjandi uppdráttur af húsinu
sýnir. Þess skal getið að við húsið
hefur aldrei verið inngangsskúr
fyrr, og hefur það verið mjög bagalegt.
Skúrinn á að byggjast úr Steinsteypu
en tröppupallurinn og tröppurnar
úr Steini, og steypt utan um þær.

Virðingarfyllst

Reykjavík 14. Júlí 1910

Guðrún Guðmundsdóttir
Laugaveg 43.

Til byggingarnefndarinnar
í Reykjavík.

B. Rvk. 500/1910 B 7/12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**B. MAGNÚSSON**
HVERFISGÖTU 34, REYKJAVÍK, ÍSLAND
TELEFON 161

Hinn 191

Jeg undirskrifaður leifi mjer virdingarfyllst hèrmed ad biðja hina heidruðu Byggingarnefnd í Reykjavik. Að mæla mèr út undir viðbót við Pakkhús mitt. Sem stendur á lóð minni á Hverfisgötu 34. Teikning af byggingunni á lóðinni fylgir hèrmed. og Óska jeg að fá þessa útmælningu það fyrsta sem hentugleikar leifa

Reykjavik 15/7 - 10

Bergsteinn Magnússon

Til.

Byggingarnefndarinnar
í Reykjavik

B. Rvk 503/1910 By. 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 15 Júli 1910

Samkvæmt umbodi frá ekkju frú Láisu Bjering bid þeg allra virdingarfilst hina háttvirtu biggingarnefnd Reykjavíkur kaupstadar svo vel gjöra og veita ofanskrifadri ekkju ad biggja skúr vid hús hennar Laugaveg nr 6 samkvæmt med filgjandi uppdrætti ad stærd 3×5 ál. gamall skur rifst nidur ad stærd 2½×2 ál. ennig setja 2 glugga í geimsluskúr sem er ustan vid gafl húsins. og gjöra húsidi stand eftir þörfum. þetta úrkast af gjört á næsta fundi svo byrjad verdi á verkinu.

Med virdingu

pr. Jóhann Jóhannesson

Til Biggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 505/1916 By. 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með beiðist jeg leifis
hjá hinni heiðruðu bygginga-
nefnd Reykjavíkur að mega
byggja Íbúðarhús að stærð 10×9 álnir
með skúr við austurenda þess
Húsið á að gjöra af steinsteypu og
verður hvorki hús í kjallara
eða heldur uppi á lofti.
Lóð sú sem húsið stendur á
er eins og sjá má af uppdrætti
af henni 29 álnir með götu
33 al frá götu á austurhlið, en
39 á vesturhlið.

Reykjavík 14 Júlí 1910

Kjartan Höskuldsson

B. Rvk. 504/1910 B.V.12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KRISTJAN THORGRIMSSON

KUNGL. SVENSK V. KONSUL

KIRKJUSTRÆTI 10

TELEGRAMADRESSE: THORGRIMSSON

TELEFON 35 BOX B. 25

Reykjavik 15. Júlímánaðar 1910.

Jeg leyfi mjer hjermeð virðingarfyllst, að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur, að veita mjer leyfi til að breyta innrjettingu dyrum og gluggum á húsinu 38 á Laugavegi.
Jeg sendi hjermeð teikningu af húsinu eins og það hefur litið út, og sömuleiðis teikningu af hinni nýju breytingu.

Virðingarfyllst.
Kristján Þorgrímsson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 502/1910 By 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ved mit Huus som er under opförelse i Tingholdstræde 23, er det min hensigt at opföre en Endegangs-Skuur foran Gade=dören ved Husets Sydöstlige Hjörne, og hvortil jeg herved andöger den ærede Bygnings Commissions Samtykke.
Störrelsen af nævnte Skuur er

3½ + 3½ + 5½ Alen med lille Reisning.

Ærbödigst
Gíslason

Til
Bygnings Commissionen i Reykjavik

B. Rvk. 58/1910 B 172

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JÓN ÞÓRÐARSON
ÞINGHOLTSSTRÆTI 1.
REYKJAVÍK ÍSLAND.
PÓSTHÓLF A. 34. — TALSÍMI 62.

Reykjavík 16. Júlí 1910

Hjermeð leyfi jeg mjer undirritaður að fara þess á leyt við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, að hún leyfi mjer að gjöra þá breytingu við áðursamþykkta teikningu af húsi því sem jeg hefi í smíðum, svo sem meðfylgjandi teikning ber með sjer

Virðingarfyllst
Jón Þórðarson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 469/1910 B.J. 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 16/7

---

Ár 1910, laugardaginn 16. júlí átti byggingarnefndin fund með sjer og gerðist þá það, er hjer greinir:

1. Kjartani Höskuldssyni leyft að byggja einlyfta íbúðarhús 9°x10° með skúr 5½x2° á lóð hans við Laugaveg (í suðausturhorni Helgumýrarbletts). Útmælingin er bundin því skilyrði að 20% gjaldið í bæjarsjóð fyrir breytingu landsins í byggingarlóð verði greitt áður en hún fer fram.-

22/7 afgr.

2. Guðrúnu Guðmundsdóttur, Laufásveg 43 leyft að byggja skúr við norðausturhorn húss hennar 4°x6° að stærð og veggsvalir á norðurgafli hússins ásamt tröppum.-

22/7 afgr.

3. Ekkjufrú Louise Bjering leyft að gjöra skúr sunnan úr húsi sínu, Laugaveg 6, 3°x5° að stærð. Annar skúr, sem fyrir er, 2°x2½° verður þá rifinn niður. Synjað um leyfi til að setja 2 glugga á austurhlið geymsluhúss austan við húsið vegna nálægðar við nágrannalóðina.-

22/7 afgr.

4. Ara Þorgrímssyni, konsúl leyft að breyta herbergjaskipun niðri í húsi hans við Laugaveg 38, fara til útgöngudyr og setja glugga í stað þeirra og breyta öðrum gluggum í húsinu, allt samkv. framlögðum uppdrætti.-

5. Bergsteini Magnússyni, bakara, Hverfisgötu 34 leyft að breikka geymsluhús á lóð hans um 9°x7

22/7 afgr.

6. Emil Jensen bakara, Þingholtsstr. 23 leyft að byggja inngönguskúr 3½°x3½° á austurhlið hins nýja húss síns þar. Honum sömuleiðis leyft að hafa miðstöðvarhitun í nefndu húsi, Þingholtsstræti 23.-

22/7 afgr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afgr. 22/7 7. Jóni Þórðarsyni, kaupm., leyfð breyting á gluggum og dyrum, samkvæmt uppdrætti, á framhlið og gafli húss þess við Bankastræti, sem hann er að láta byggja.

afgr. 22/7 8. Th. Thorsteinsson, kaupmanni leyft að byggja skúr til fiskþvottar á Kirkjusandi leigulandi hans, 30°x18° og sömuleiðis fiskþurkunarhús 16°x10°, áfast við fiskgeymsluhús hans á sama stað

afgr. 22/7 9. Jón Björnsson kaupm., Vesturg. 4, sækir um leyfi til að breyta efra lofti í austur helmingi húss húss síns í íbúð. Með því að uppdrátturinn sýnir að inngangur í húsið með forstofu tröppum er ráðgjörður á austurgafli hússins norðanverðum, en þar er bryggjupall og bæjarrenna undir, sjer byggingarnefndin sjer ekki að svo stöddu fært að veita leyfið.

Allir á fundi nema borgarstjóri og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið

Í forf. ~~form~~ formanns

Jón Jensson

Kr. Gunnarsson    Ein. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur